



Ólafur Þórisson heiti ég og býð mig fram til varastjórnar LH. Hef starfa mikið í félagsmálum hestamenskunnar og þekki alla anga hestamenskunnar mjög vel. Er búinn að vera formaður hestamannafélagsins Geysis í að verða 12 ár. Var í stjórn LH um 6 ára tímabil 2014-2020 og var gjaldkeri LH allan þann tíma. Starfa sem tamningamaður og bóndi í Miðkoti í Rangárþingi Eystra, er giftur og saman eigum við 3 börn á grunnskólaaldri.

Starf LH er margslungið og fer víða í samfélaginu. Hestamennska er í harðri samkeppni við aðrar íþróttir og áhugamál og þurfum við horfa á alla anga hestamenskunar til að verða ekki undir í baráttunni. LH þarf að nýta sér öll þau verkefni, verkfæri og tækifæri sem gefast til að eflast og verða sú afþreying/íþrótt sem allir vilja stunda.

Lands sambandið er líka hattur allra hestamannafélaga á landinu hvar sem þau eru staðsett og það má ekki gleymast, við erum öll í þessu saman og saman getum við gert ótrúleg kraftaverk.

Hlakka til að sjá ykkur á landsþinginu  
Ólafur Þórisson